



Náttúruverndarsamtök Íslands

Iceland Nature Conservation Association

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
Frumvarp til laga um viðskiptakerfi ESB
með losunarheimildir, 543. mál.

Reykjavík 7, desember 2023

Markmið

Á bls. 25 segir:

2.2. Markmið. Markmið með frumvarpinu er að innleiða breytingar á ETS-kerfinu í samræmi við endurskoðaða ETS-tilskipun.

Undir þetta taka Náttúruverndarsamtökk Íslands en benda á að betra væri að markmið frumvarpsins kæmi fram í upphafi í sérstakri markmiðsgrein.

Framhald málgreinarinnar gæti þá orðið hluti að greingargerð:

Breytingar á ETS-tilskipuninni voru gerðar með tveimur tilskipunum sem breyttu annars vegar reglum um flugstarfsemi og hins vegar reglum um staðbundinn iðnað, sjóflutninga og byggingar, vegasamgöngur og smærri iðnað. Markmið lagasetningar verður að tryggja að sömu reglur gildi á Íslandi og á Evrópska efnahagssvæðinu. Miklu skiptir að löggjöf taki gildi fyrir árslok 2023 svo að tilskipanirnar öðlist gildi samkvæmt EES-samningnum á sama tíma og hjá Evrópusambandinu en gildistaka ákvörðunar sameiginlegu EESnefndarinnar er tengd gildistöku innlendrar löggjafar til innleiðingar í öllum EES/EFTArikjunum

Neðst á bls. 24 segir:

ETS-kerfið er lykilmeyta hvað varðar að ná samdrætti í losun en um 40% losunar gróðurhúsalofttegunda á Íslandi fellur undir kerfið.

Náttúruverndarsamtök Íslands taka heilshugar undir þetta og það sem segir efst á bls. 24:

Hluti endurskoðunarinnar varðar breytingar á ETS-tilskipuninni en uppfært markmið felur í sér að stefnt er að 62% samdrætti 2030 í losun frá þeirri starfsemi sem fellur undir ETS-kerfið í stað 43% eins og stefnt var á í fyrra markmiði.

Í umsögn um 1. gr. frumvarpsins segir:


Markmið með þessari breytingu er að hvetja til frekari framþróunar í tækni sem losar lítið eða ekkert.

Sannarlega.

Náttúruverndarsamtök Íslands vilja gjarnan mæta á fund umhverfis- og samgöngunefndar til að ræða efni frumvarpsins.

Virðingarfyllst,

F.h. Náttúruverndarsamtaka Íslands

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Árni Finnsson'. The signature is written in a cursive, flowing style.

Árni Finnsson